

6. gr.

Allt sorp sem ekki fellur undir 3. gr. skal koma með á gámasvæði bæjarins.

Brotamálm, t. d. bílhræ skal flytja á afmarkað svæði, samkvæmt nánari fyrirmælum bæjartæknifræðings og heilbrigðisfulltrúa. Sama gildir um mold og garðaúrgang.

7. gr.

Almenn sorphirða venjulegs húsasorps greiðist af bæjarstjórn. Bæjarstjórn er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald samkvæmt gjaldskrá sem umhverfisráðherra staðfestir. Sorphirðugjald skal lagt á hverja þá fasteign sem nýtur framangreindrar þjónustu og miðast gjaldið við fjölda sorppoka. Slíkt gjald skal þó aldrei vera hærra en sannanlegur kostnaður við sorphirðu.

Sorphirðugjald skal innheimt með fasteignargjöldum ár hvert. Egilsstaðabæ er heimilt að takmarka fjölda sorpíláta við hverja fasteign.

Verslunar- og iðnfyrirtækjum og þeim aðilum sem hafa með höndum starfsemi sem krefst tíðari og viðameiri sorphreinsunar samkvæmt 5 gr. skulu greiða sorpeyðingargjald samkvæmt gjaldskrá staðfestri af umhverfisráðherra.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun til bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar eða heilbrigðisfulltrúa.

9. gr.

Brjótí húsráðandi ákvæði samþykktar þessarar um meðferð og geymslu sorps skulu sorphirðumenn tilkynna það bæjarstjórn eða heilbrigðisfulltrúa.

Sorphirðumönnum er óheimilt að hnýsast í sorppoka eða hirða úr þeim.

10. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt ákvæðum 32. og 33. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

11. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Egilsstaðabæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 14 um sorphreinsun í Egilsstaðahreppi frá 6. janúar 1986.

Umhverfisráðuneytið, 6. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna sorphirðu í Garðabæ fyrir árið 1993.

1. gr.

Af öllum fasteignum í lögsagnarumdæmi Garðabæjar sem virtar eru fasteignamati skal greiða sorphirðugjald árið 1993.

2. gr.

Heimilt er að fella niður álagningu sorphirðugjalds á fasteignir þegar eigandi annast sjálfur alla hreinsun sorps.

3. gr.

Sorphirðugjald skal vera kr. 6 000 árið 1993.

4. gr.

Sorphirðugjald greiðist til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

5. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar er hér með staðfest samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, ásamt síðari breytingum, og öðlast gildi við birtingu.

Umhverfisstjórnuneytið, 6. janúar 1993.

Eiður Guðnason.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

REGLUGERÐ

um flokkun bygginga og annarra mannvirkja til fyrninga.

1. gr.

Fyrning mannvirkja, þar með talin ræktun á bújörðum og byggingar, skal vera árlegur hundraðshluti af fyrningargrunni einstakra eigna sem hér segir:

- a) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 1,5% en að hámarki 2%.
 1. Íbúðarhúsnæði.
 2. Skrifstofubyggingar.
 3. Verslunarbyggingar.
- b) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 3% en að hámarki 4%.
 1. Verksmiðjubyggingar.
 2. Verkstæðisbyggingar.
 3. Vörugeymslubyggingar.
 4. Gisti- og veitingahús.
 5. Útihús á bújörðum.
 6. Hvers konar önnur mannvirki og hús, notuð til atvinnurekstrar, sem ekki eru talin annars staðar í reglugerð þessari.
- c) Af eftirtöldum mannvirkjum skal árleg fyrning vera að lágmarki 4,5% en að hámarki 6%.
 1. Dráttarbrautir.
 2. Loðdýrabú og tilheyrandi girðingar.
 3. Lýsis-, olíu- og vatnsgeymar.
 4. Ræktun á bújörðum.